

Ályktun 7. þings Samiðnar um starfsmenntun

Fjölbreytt starfsmenntun skapar aukin tækifæri

Menntunarstig samfélaga hefur veruleg áhrif á hagsæld þeirra. Atvinnulíf sem byggir á sérþekkingu og hátækni skilar meiri arði en það sem styðst við fábreytta og einfalda framleiðsluhætti. Virk tengsl menntunar og atvinnu hljóta því að vera nærtækt hagsmunamál hverju samfélagi. Leggja þarf áherslu á samstarf stjórnvalda, atvinnulífs, menntastofnana og þekkingarsamfélagsins til að tryggja aukið framboð menntaðra einstaklinga til að mæta þörfum atvinnulífsins á vel menntuðu vinnuafli.

Starfsnám er áberandi í umræðunni í dag og virðast margir vilja setja mark sitt á málaflokkinn. Mikilvægt er áður en gripið er til breytinga að greina stöðuna og skilgreina hvað megi bæta og halda í það sem vel hefur reynst. Tryggja á stöðu starfsgreinaráðanna og nýta reynslu og þekkingu þeirra í endurskoðun núverandi náms og uppbyggingu nýrra námsbrauta. Gæta þarf vel að því að iðnnám, starfsnám og tækninám sé ekki þynnt, og forðast ber að þrepaskipta hefðbundnu iðnnámi.

Full ástæða er til að hafa áhyggjur af kynningu hefðbundins iðnnáms í ljósi þess hve fáir nemendur velja iðnnám. Ástæður þess eru m.a. að námsráðgjafar í grunnskólum hafa ekki nægjanlega þekkingu á iðnnámi og að það virðist vera mikill samfélagslegur þrýstingur á að fara í bóknám frekar en iðnnám. Til að gera iðnnámi og bóknámi jafnt undir höfði er nauðsynlegt efla kynningu á iðnnámi meðal námsráðgjafa og nemenda í efstu bekkjum grunnskóla. Einnig þarf að tryggja aðgengi að verklegri aðstöðu í hverjum grunnskóla þannig að mögulegt sé að veita nemendum innsýn í grunnþætti starfa og gefa þeim kost á snertingu við og skilja hvernig verkfæri eru notuð til að koma hugmynd í framkvæmd. Setja upp smiðjur í samvinnu skóla og atvinnulífs sem verði í boði fyrir alla grunnskólanemendur.

Námssamningar

Full ástæða er til að hafa áhyggjur af því hversu erfitt er fyrir iðnnema að komast á námssamning.. Til að bregðast við því er nauðsynlegt að auka samstarf Samiðnar og Samtaka

iðnaðarins/Samtaka atvinnulífsins til að auka samstarf milli fyrirtækja um töku iðnnema. Efla ber meistarakerfið og renna styrkari stoðum undir vinnustaðanámið sem er mikilvægur þáttur í að undirbúa nemandann undir starf á vinnumarkaði og nauðsynlegt til að fullgera námið.

Hvatt er til þess að núverandi fyrirkomulag námssamninga verði endurskoðað. Virkja þarf nemaleyfisnefndir og koma á námsferilsbókum. Einnig er full ástæða til að skoða hvort breyta eigi námssamningum þannig að þeir séu sveigjanlegri á námstímanum og iðnnemar eins og aðrir launamenn eigi rétt á atvinnuleysisbótum.

Skýra þarf hlutverk og ábyrgð atvinnulífsins á því að skapa nemendum í verknámi tækifæri á vinnustaðanámi. Setja þarf fram heildarstefnu í verk- og tæknigreinum og fylgja henni eftir með framkvæmdaáætlun.

Menntun í grunn- og framhaldsskólum verði að meginreglu byggt á einstaklingsmiðuðu námi sem taki mið af styrkleika, áhuga og færni hvers nemanda. Hvatt er til að unnið verði að samræmingu á grunniðnnámi.

Raunfærnimat

Nauðsynlegt er að áfram verði boði upp á raunfærnimat fyrir þá sem hætt hafa í iðnnámi eða ekki hafið formlegt nám en unnið í iðngrein um árabil til að styrkja menntun í iðn- og tæknigreinum og fækka þeim sem vinna störf iðnaðarmanna án þess að hafa til þess tilskilin réttindi.

Ófaglærðir í iðnaðarstörfum

Undanfarin ár hefur orðið mikil fjölgun starfsmanna sem vinna iðnaðarstörf án þess að hafa tilskilin réttindi. Þetta hefur hugsanlega leitt til óvandaðra vinnubragða vegna þess að þekkingu og færni skortir hjá þessum starfsmönnum. Það er mjög brýnt að tryggja að gengið sé eftir því við ráðningu að menn hafi þau réttindi sem þeir telja sig hafa. Grunnurinn að þessu er hugarfarsbreyting hjá fyrirtækjum, meisturum og sveinum í iðngreinunum þannig að ekki sé verið að nota menn í verkefni sem þeir hafa ekki kunnáttu til að vinna.

Nauðsynlegt er að tryggt verði með lögum að hver sem er geti ekki gengið í störf iðnaðarmanna. Einnig þarf að efla vitundarvakningu hjá kaupendum og reka meiri áróður fyrir hag þeirra að nota iðnaðarmenn. Þá er líka nauðsynlegt að efla fagvitund iðnaðarmanna.

Framhaldsnám fyrir nemendur í iðn- og verk- og tæknigreinum

Mikilvægt er að skapa aukin tækifæri til framhaldsnáms fyrir þá sem stunda nám í iðn- og verk- og tæknigreinum með betri samþættingu og samfelli við meistara- og háskólanám.

Í dag eru tækifæri til áframhaldandi náms að loknu framhaldsskólastigi í iðn-, verk- og tæknigreinum er af skornum skammti. Framboð til áframhaldandi náms beinist frekar að hefðbundnum bóknámsgreinum. Þetta takmarkaða val þýðir að færri sjá möguleika til frekar náms. Þessu þarf að breyta. Lagt er til að skipuð verði nefnd til að fjalla um málið og skili skýrslu um málið fyrir árs lok. Nefndin meti m.a. hvort ekki sé tímabært að stofnsetja fagháskóla sem sérstakt skólastig sem hafi sterk tengsl við atvinnulífið og skapi samfelli í námi inn í háskólasamfélagið

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf þarf að efla og hún standi öllum nemendum í grunn- og framhaldsskólum til boða í samstarfi við atvinnulífið. Fræða þarf foreldra og auka vitund þeirra um mikilvægi þess að ræða við börn um náms- og starfsval. Mikilvægt er að upplýsa bæði nemendur og foreldra út á hvað störfín ganga, hvernig starfsumhverfið er og hverjir tekju- og atvinnumöguleikar eru.

Allt ungt fólk á að hafa aðgang að ráðgjöf og upplýsingum um náms- og starfsmöguleika á einum stað. Til að ná því verður að tryggja samvinnu þeirra aðila sem veita ungu fólki þá þjónustu jafnt á vettvangi ríkis, sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og í samstarfi við samtök ungs fólks.

Markvisst átak næstu 3 árin

Tryggja þarf raunverulegt jafnræði iðn-, verk- og tæknigreina auk hefðbundinna bóknámsgreina og efla starfsmenntakennslu í grunnskólum. Auka þarf hlut iðn-, verk- og tæknigreina með áherslu á fjölbreytni, gæði og tengingu við atvinnulífið. Gera þarf markvissa áætlun um kynningarstarf fyrir næstu 3-5 ár, útvega nauðsynlegt fjármagn og ráða til þess hæft fólk til að annast það. Atvinnulífið þarf að taka þátt í kynningarstarfi með því að leggja til mannskap í kynningar í skólum, bjóða nemendum í vinnustaðaheimsóknir og taka þátt í námskynningum.

Menntaþing Samiðnar – Haust 2013